

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um
gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.**

1. gr.

5. mgr. 14. gr. orðist svo:

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera sömu vexti og útlán Byggðasjóðs (B-lán) til þessara framkvæmda, er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

31. desember 1976.

Nr. 450.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirra, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kaптúnunum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 95 000 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að kr. 2 000 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 2 000 000, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 95 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald kr. 95 000 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 1998 stig. Grunnjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem

fastignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fastignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 1 100 þús. kr. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verk-smiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit nr. 111 29. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. desember 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 20 000.00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 10 000.00.

2. gr.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt sérlyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Ef sótt er um skráningu á tveimur eða fleiri formum eða styrkleikum sérlyfs, skal vísa til eldra (elsta) umsóknarnúmers sama lyfs, enda verði hin ýmsu lyfjaform sérlyfs skráð einu heiti í sérlyfjaskrá og undir elsta umsóknarnúmeri viðkomandi lyfs.

3. gr.

Umsækjanda er skylt að fylla út alla þá reiti á umsóknareyðublaði, sem merktir eru í töluröð 1—10. Sé ógerlegt að koma fyrir þeim upplýsingum, sem ætlað er að færa í einstaka reiti eyðublaðsins, skal umsækjandi færa þær upplýsingar á örk, sem festa skal við sjálft umsóknareyðublaðið.